

## Öskudagur „Got Talent“ í Fjörheimum

### Skemmtilegasti dagur ársins

Öskudagur er orðinn sá dagur ársins sem börnin bíða með mikilli eftirvæntingu. Þá er sköpunarkraftinum gefinn laus taumur og börnin mæta í skólann í nýjum hlutverkum sem þau sjálf hafa valið sér sem ofurhetjur, prinsessur, uppvakningar eða hvaðeina annað sem þeim finnst heillandi. Skólafárið er í takt við þá sem þangað mæta og öskudagsfjör í algleymingi í hverjum skóla.

### Allir æfa upp flott atriði

Að skóladegi loknum hópast mörg barnanna niður í bæ og ganga á milli fyrirtækja, syngja lög sem þau hafa æft og fá að launum smáræðis glaðning. Margir leggja mikið upp úr atriðinu sínu og hafa lagt sig fram um að æfa það vel og gera það skemmtilegt.

### Öskudagur "Got Talent" í Fjörheimum frá kl. 12-15.

Í ár verða breytingar á þeirri dagskrá sem Reykjanesbær hefur staðið fyrir. Engin dagskrá fer fram í Reykjaneshöll að þessu sinni. Hins vegar verður boðið upp á viðburð í Fjörheimum (88 Húsinu). Þar gefst þeim börnum sem vilja, kostur á að mæta á tímabilinu frá kl. 12-15 og flytja á sviði öskudagsatriðið sitt undir yfirskriftinni Öskudagur „Got Talent.“ Sérstök dómnefnd veitir verðlaun fyrir bestu/skemmtilegustu atriðin og myndir af öllum atriðum verða birtar á facebook síðu Reykjanesbæjar og e.t.v. víðar. Börnum á öllum aldri er velkomið að taka þátt og þeir foreldrar sem tók hafa á eru einnig hvattir til að líta við.

Með þessum viðburði eru börnin hvött til að leggja sig fram um að búa til flott og skemmtileg atriði sem þau geta stolt sýnt hvert öðru og haft gaman að og þannig hnýtt endahnútinn á viðburðaríkan dag.

### Skráning verður á staðnum.